

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sandgerði í sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

Breyting á deiliskipulagi Hólahverfis.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar samþykkti þann 24. maí 2017 breytingu á deiliskipulagi Hólahverfis. Breytingin felst í því að raðhúsaloðunum Ásabraut nr. 43-47 og 49-53 er breytt úr þriggja íbúða raðhúsallengjum í fjögurra íbúða raðhúsallengjur.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi íbúðasvæðis við Lækjamót.

Bæjarráð Sandgerðisbæjar samþykkti þann 22. ágúst 2017 breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis við Lækjamót. Breytingin felst í því að hús á lóðunum nr. 45-47 og 57-59 eru parhús, ekki raðhús. Lóðir nr. 61 og 63 eru sameinaðar lóð nr. 65 og er sú lóð skipulögð fyrir 5 einnar hæðar einstaklingsíbúðir fyrir fatlaða. Lóðirnar nr. 69-71, 73-75, 81-83, 85-87 og 93-95 eru parhúsaloðir en voru áður einbýlishúsaloðir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 29. júní 2018.

Jón Ben Einarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2018